

Fundur haldinn í Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps þriðjudaginn 22.mái 2007 á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 20.00

Fyrir tekið:

1. Erindi frá Guðna Ólafssyni og Ingu Jóhannesdóttur þar sem þau sækja um að byggja parhús að Móatúni 20-22 samkvæmt framlögðum teikningum. Erindi samþykkt.
2. Erindi frá Heiðari Jóhannssyni. Sækir hann um að skipta um klæðningu á Túngötu 13 og klæða bílskúrinn með viðurkenndu efni nýju. Einnig að minnka stofugluggann samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Erindið samþykkt.
3. Umræður um umferðarhraða innanbæjar. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að umferðarhraði verði 50 km á Strandgötu og merkingar verði settar í samræmi við það. Einnig að farið verði yfir aðrar merkingar svo sem merkingar gatna.
4. Byggingarnefndin beinir því til hreppsnefndar að skipulagt verði hreinsunaráttak í sveitarfélaginu nú í vor og fyrirtækjum verði gefinn kostur á því að nýta gámasvæðið uppi í Hrafnadal með því að gera svæðið aðgengilegt. Ennfremur vill nefndin benda á það að ekkert svæði er nú til að urða steypubrot þar sem búið er að ganga frá svæðinu við Hrafnadalsveginn. Hugmynd nefndarinnar er að svæðið ofan við hjalla Særastar og út með tamningarsvæðinu verði notað til urðunar þessháttar efnis.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 21.25

Heiðar Jóhannsson (ritaði fundargerð)  
Aðalsteinn Magnússon  
Ólafur Gunnbjörnsson  
Guðlaugur Jónsson